



Lúxemborg, 27. nóvember 2017

FRÉTTATILKYNNING 15/2017

Dómur í máli E-19/16 *Thorbjørn Selstad Thue* gegn *Noregi*

FERÐATÍMI STARFSMANNS TIL OG/EÐA FRÁ STARFSSTÖÐ, SEM EKKI ER HIN HEFÐBUNDNA EÐA FASTA STARFSSTÖÐ, TELST EINNIG TIL „VINNUTÍMA“

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá Hæstarétti Noregs (*Norges Høyesterett*), varðandi túlkun á hugtakinu „vinnutími“ í skilningi 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/88/EB um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma („tilskipunin“).

Thorbjørn Selstad Thue („áfrýjandi“) hefur verið starfsmaður lögreglustöðvarinnar í Gaular í Sogn og Firðafylki frá árinu 1995. Árin 2005 til 2014 var hann einnig meðlimur í sérstöku viðbragðsteymi í lögregluumdæminu þar sem verkefni hans fólust meðal annars í því að bregðast við hættuástandi með vopnavaldi sem og að veita lögreglufylgd. Föst starfsstöð hans var lögreglustöðin í Gaular. Í störfum sínum fyrir viðbragðsteymið gat það þó komið fyrir að honum væri gert að mæta á aðrar starfsstöðvar innan lögregluumdæmisins.

Málið varðaði þrjú slík verkefni. Fjarlægðin frá heimili áfrýjanda til annarra starfsstöðva gat verið á milli 1-3 klst. akstursleið. Meirihluti þess tíma er það tók áfrýjanda að ferðast til og frá hinni breyttu starfsstöð var samþykktur sem ferðatími af hálfu norska ríkisins, þannig að starfsmaðurinn átti rétt til frítíma eða peningagreiðslu, en ekki sem vinnutími. Áfrýjandi lét reyna á framangreinda flokkun fyrir dómstólum í Noregi.

Hæstiréttur Noregs lagði þrjár spurningar fyrir dómstólinn. Spurningarnar vörðuðu í hnotskurn það álitaefni hvort sá tími sem það tæki starfsmann, sem að beiðni vinnuveitanda þyrfti að ferðast til og/eða frá annarri starfsstöð en fastrí eða hefðbundinni starfsstöð utan venjulegs vinnutíma, fæli í sér vinnutíma í skilningi 2. gr. tilskipunarinnar.

EFTA-dómstóllinn tók fram að tilskipunin ætti almennt ekki við um laun sem greidd væru fyrir vinnu. Dómstóllinn bætti því við að hugtökin „vinnutími“ og „hvíldartími“, eins og þau kæmu fyrir í 2. gr. tilskipunarinnar, yrði að túlka á sjálfstæðan hátt. Ekki væri hægt að gera greinarmun á „virkri vinnu“ og annarri vinnu við skilgreiningu á hugtakinu „vinnutími“. Dómstóllinn tók það enn fremur fram að hugtakið vinnutími fæli í sér þrjú hugtaksskilyrði, það er að starfsmaður þyrfti að vera: (i) að inna af hendi störf eða skyldur; (ii) vinnuveitanda innan handar; og (iii) að vinna eða í vinnu.

Hvað fyrsta skilyrðið varðaði, benti dómstóllinn á það að ferðir starfsmanns sem farnar væru í þeim tilgangi að framkvæma ákveðið verk fyrir vinnuveitanda utan fastrar eða hefðbundinnar starfsstöðvar væru forsenda þess að sá starfsmaður gæti innt verkið af hendi.

Hvað annað skilyrðið varðaði tók dómstóllinn það fram að umfang þeirrar vinnu sem starfsmaður innti af hendi væri ekki hugtaksskilyrði vinnutímahugtaksins. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að í umræddu máli hefði áfrýjandi þurft að hlíta fyrirmælum vinnuveitanda síns meðan á nauðsynlegum ferðatíma stóð og teldist þar af leiðandi vinnuveitanda sínum innan handar þann tíma.

Hvað þriðja og síðasta skilyrðið varðaði tók dómstóllinn það fram að það væri málinu óviðkomandi hversu oft vinnuveitandi sendi starfsmann í verkefni utan hefðbundinnar eða fastrar starfsstöðvar nema í þeim tilvikum er álykta mætti að starfsmaður hefði með því fengið nýja fasta eða hefðbundna starfsstöð. Þar af leiðandi væri það svo að ef starfsmanni á borð við áfrýjanda væri gert að inna verkefni af hendi utan fastrar eða hefðbundinnar starfsstöðvar yrði ferðalagið til og frá vinnustaðnum að teljast eðlilegur hluti af vinnu hans. Yrði því að líta svo á að starfsmaður væri „að vinna“ þann tíma sem það tæki hann að ferðast á tiltekna starfsstöð utan fastrar starfsstöðvar. Þar að auki hefði það ekki þýðingu í þessu samhengi hvort ferðalagið ætti sér stað utan venjulegs vinnutíma.

Taldi dómstóllinn því að tími utan venjulegs vinnutíma, sem teldist nauðsynlegur til að ferðast til og frá starfsstöð annarri en fastri eða hefðbundinni starfsstöð starfsmanns á borð við áfrýjanda, í því skyni að inna af hendi störf eða skyldur í þágu vinnuveitanda síns, fæli í sér „vinnutíma“ í skilningi 2. gr. tilskipunarinnar.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.